

Ed.

296. Breytingartillögur

við frv. til 1. um breyt. á 1. nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina kemur ný málsgrein:
Þó er ráðherra heimilt að láta rétt til kennaralauna og rekstrarkostnaðar samkvæmt lögum þessum einnig ná til einkaskóla Árnýjar Filippusdóttur í Hveragerði.
2. Á eftir 1. gr. kemur ný grein svo hljóðandi (og breytist greinatalan skv. því):
9. gr. laganna orðist svo:
Ríkissjóður greiðir kennaralaun húsmæðraskólanna samkv. ákvæðum launalaaga og $\frac{3}{4}$ rekstrarkostnaðar gegn $\frac{1}{4}$ frá hlutaðeigandi héraði. Framlag ríkisins til rekstrar skólanna miðast við það, að hver húsmæðraskóli fái í rekstrarkostnað fyrir hverja námsmey sem svarar 75% af tilkostnaði ríkisins við hvern nemanda í bændaskólum landsins árið áður, enda séu þar dregin frá öll kennaralaun.